

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	15.10.2014	Fulltrúi UST	Hákon Hansson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingimarsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Núgildandi starfsleyfi er fyrir framleiðslu á allt að .6000 tonn af laxi og allt að 2.000 tonn af regnbogasilungi á ári í sjókvíum í Berufirði.

18 kvíar eru í sjó. Allar kvíarnar eru í notkun. Í kvíum eru tæplega 1,5 milljón seyði. Fyrir áramót verður slátrað úr einni kví sem er elsti fiskurinn en hann kom seinni part árs 2012, það eru um 25.000 stk. 2013 komu um 340.000 seyði, þau eru í 6 kvíum og sá fiskur er á stærðarbilinu 1,1 kg - 2,5 kg og verður byrjað að slátra úr því eftir áramót. Seiði sem komu á þessu ári eru um 1.100.000. um 600.000 af því kom í byrjun sumars og var sett í 6 kvíar og er nú á bilinu 300gr - 900gr. Væntanlega verður byrjað að slátra upp úr því í lok 2015 og byrjun 2016. Loks komu 500.000 seyði í haust í fimm kvíar og eru á bilinu 150 - 300 gr. og slátrun á þeim hópum byrjar árið 2016

Fundað með starfsmönnum um ákvæði starfsleyfis.

Farið með báti út að kvíunum, ástand kvía og fjöldi í notkun kannaður, á meðfylgjandi mynd sést svæðið með kvíum, en alls eru 18 kvíar nýttar í dag, allar fyrir regnbogasilung.

Skráningar eru í samræmi við lið 3.1 í starfsleyfi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir komu fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Vöktunaráætlun liggur fyrir.

Áhættumat og viðbragðsáætlun skv. lið 4.4. í starfsleyfi er aðgengilegt á skrifstofu.

Sama á við um reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið (3.1 í starfsleyfi). Allar eftirlitsmælingar eru aðgengilegar á skrifstofu.

Reykjavík, 01.12.2014

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.